



Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðferð einkamála, 101. mál

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar 17. nóvember sl. þar sem ofangreint frumvarp var sent ÖBÍ til umsagnar. ÖBÍ leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Sá kostnaður sem almennt hlýst af rekstri dómsmála fyrir aðila þeirra bitnar sérstaklega þungt á öryrkjum og öðrum tekjulágum hópum. Ófyrirsjáanleiki í ákvörðunum dómstóla um upphæð og skiptingu málskostnaðar eykur enn á þá óvissu sem óhjákvæmilega fylgir rekstri slíkra mála. Afleiðing þessa er sú að dregið er enn frekar úr aðgangi öryrkja að dómstólum. Tekið skal fram í þessu sambandi að gjafsókn í máli stendur því ekki í vegi að aðili kunni að verða dæmdur til að greiða málskostnað gagnaðila síns ef mál tapast.

Að mati ÖBÍ er sú breyting sem lögð er til með frumvarpinu til þess fallin að stuðla að auknu samræmi og fyrirsjáanleika í ákvörðunum dómstóla um málskostnað. Slíkt er að mati ÖBÍ til þess fallið að bæta aðgengi öryrkja að dómstólum með því að gera einstaklingum betur kleift að spá fyrir um niðurstöðu málskostnaðarákvarðana dómstóla og leggja þannig nánara mat á þá fjárhagslegu áhættu sem fylgir rekstri dómsmáls.

Þótt sú breyting sem lögð er til með frumvarpinu horfi að mati ÖBÍ til bóta mun samþykkt frumvarpsins ekki fela í sér grundvallarbreytingu á aðgangi öryrkja að dómstólum. Málarekstur fyrir dómstólum mun eftir sem áður verða flestum öryrkjum fjárhagslega ofviða. Þessi aðstaða er sérstaklega óviðunandi í ljósi þess að öryrkjar hafa á liðnum árum oftsinnis þurft að leita til dómstóla til að knýja fram mannréttindi sín sem stjórnvöld hafa ekki virt af sjálfsdáðum. Ljóst er að þau mál sem tekist hefur að koma fyrir dómstóla eru ekki nema lítið hlutfall allra mála þar sem réttur hefur verið brotinn á öryrkjum.

Um leið og ÖBÍ hvetur til þess að fyrirliggjandi frumvarp verði samþykkt er mælt til þess að allsherjar- og menntamálanefnd hugi að umfangsmeiri breytingum á lagaumhverfi dómstóla í því augnamiði að gera dómstóla að notendavænna og skilvirkara úrræði fyrir borgarana til að leita úrlausnar um réttindi sín án tillits til efnahags eða fötlunar.

ÖBÍ er reiðubúið að senda fulltrúa sinn á fund nefndarinnar ef þess verður óskað.

Ekkert um okkur án okkar!

Virðingarfyllst, f.h. ÖBÍ,

Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ